

Þingsályktun

um að flýta framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum.

Alþingi ályktar að flýta skuli framkvæmdum við fyrirhugaða jarðgangagerð á Vestfjörðum umfram það sem fyrirhugað er í fyrirliggjandi vegáætlun. Skal stefnt að því að framkvæmdir hefjist árið 1991 og að þeim ljúki á 4–5 árum. Undirbúningsrannsóknnum verði hagað í samræmi við þetta.

Ríkissjóði skal heimilað að taka lán til framkvæmdanna, allt að 1.300 m.kr., á árunum 1990–1994 skv. nánari ákvæðum vegáætlunar og lánsfjárlaga hverju sinni. Lán ásamt verðbótum endurgreiðast af fé til stórverkefna skv. vegáætlun. Útgjöld vegna vaxta og lán-tökukostnaðar umfram það, sem sparast í viðhaldskostnaði á fjármögnunarskeiði framkvæmdanna, greiðist úr ríkissjóði sem sérstakt byggðaframlag.

Ríkisstjórnin skal láta fram fara könnun á möguleikum til þess að afla sérstaklega lánsfjár og/eða tekna til að standa straum af kostnaði vegna ákvörðunar um að flýta framkvæmdum og skila álitni til næsta Alþingis.

Samþykkt á Alþingi 5. maí 1990.